

## Skýrsla kvennanefndar til aðalfundar GÖ 2022

Kvennanefnd 2022 skipuðu Sigríður Björnsdóttir, formaður, Ágústa Óskarsdóttir, Berglind Helgadóttir, Kristrún Gunnarsdóttir og Ester Ottesen Hauksdóttir

Við höldum 2 formlega fundi auk vinnu- og undirbúningsfunda.

Kvennastarfið var mjög líflegt þetta sumarið. Við hittumst reglulega á föstudögum, spilum 9 holar og borðum síðan saman í skála. Við vorum með ýmsa leiki í gangi eins og einnar kylfu keppni, fæst púttin, flestar hittar brautir ofl. Þátttakan í sumar var mjög góð, alltaf á milli 25 og 30 + og nokkrar nýjar konur bættust í hópinn enda er þetta mjög góður vettvangur fyrir nýjar konur í klúbbnum að kynnast okkar góða félagsskap.

Það er löng hefð fyrir Hattamótinu okkar og var það haldið þ. 23.júlí þetta árið. 52 konur tóku þátt í ár og eins og nokkur undanfarin ár var Bygg, byggingarfélag Gylfa og Gunnars styrktaraðili mótsis.

Biotherm mótið var haldið 24. júlí og tóku 126 konur þátt í mótinu að þessu sinni. Við þökkum styrktaraðilum okkar, Bygg og Thermu heildverslun innilega fyrir samstarfið.

Bikarkeppnin við Kiðjabergið fór fram í Öndverðarnesi þetta árið. 38 konur tóku þátt í mótinu og er skemmst frá að segja að okkar konur sigruðu þetta árið með glæsibrag.

Sú hefð er komin á að fara haustferð. Að þessu sinni var farið í Kiðjaberg þann 3. september. Uppselt var í ferðina en við þurfum að takmarka þátttöku við 40 spilandi konur en fleiri geta komið með og notið þess að vera með í matnum og séð um að spilahraði sé í lagi.

Nefndin stóð líka fyrir því að selja bleika boli fyrir kvennaferðina þar sem við minntumst Þörhöllu okkar með merkingu á bolunum, Lífið er of stutt fyrir ljót glös, sem var heitið á hennar feisbókarsíðu v.veikndanna. Mæltist þetta vel fyrir og voru pantaðir 56 bolir.

Ég hef ákveðið að láta af starfi mínu í kvennanefndinni og eftirláta það þeim frábæru konum sem starfað hafa með mér í nefndinni.

Kvennanefndin þakkar þeim fjölmögu sem styrktu starf okkar í sumar. Það er ávalt gott að leita til félaga um stuðning og var þar engin breyting á í sumar. Stjórn félagsins styrkti starfið af myndarbrag og skiptir sá stuðningur miklu máli fyrir okkur.

Við þökkum golffélögum okkar árið sem er að líða og hlökkum til næsta sumars.

Fh. Kvennanefndar

Sigríður Björnsdóttir

formaður